

UPPSKRIFT

SAMFELLA MEÐ STJÖRNU



navia

Stærðir: 62 (68) 74 (80)

Yfirvidd: 35 (39) 44 (49) cm

Lengd: sirka 34 (37) 40 (45) cm (lengd á framstykki)

Garn: Navia Uno natur N11, bleikt (ljóst) N132, milligrátt N13

Garn Magn: 1 (1) 1 (1) dokka natur, 1 (1) 1 (1) bleikt (ljóst), 1 (1) 1 (1) milligrátt

Prjónar: Hringprjón nr. 3 og nr. 3 ½ (40 cm) Heklunál nr. 2 ½

Annað: 6 smellur

Prjónafesta: 24 lykkjur á prjóna nr. 3 ½ = 10 cm í breidd

Bakstykki: Prjónið fram og tilbaka. Fitjið upp 18 (21) 23 (25) lykkjur á hringprjón nr. 3 með Navia Uno natur og prjónið 5 umferðir slétt og brugðið (1 sl, 1 br). Skipta yfir í hringprjón nr. 3 ½ og prjónið fram og tilbaka ásamt því að auka eina lykkju út hvorum megin í annari hvorri umferð 10 (11) 12 (14) sinnum. Eftir það í fjórðu hverri umferð 2 (2) 3 (3) sinnum, þangað til að það verða 42 (47) 53 (59) lykkjur á prjóninum. Prjónið tvær sléttar umferðir og geymið bakstykkið.

Framstykki: Prjónið fram og tilbaka. Fitjið upp 18 (21) 23 (25) lykkjur á hringprjón nr. 3 með Navia Uno natur og prjónið 5 umferðir slétt og brugðið (1 sl, 1 br). Skiptið yfir á hringprjón nr. 3 ½ og prjónið fram og tilbaka ásamt því að auka eina lykkju út hvorum megin í 4 hverri umferð 3 (4) 5 (6) sinnum. Prjónið tvær sléttar umferðir. Aukið núna um 9 (9) 10 (11) lykkjur í hverri hlið samtals 42 (47) 53 (59) lykkjur. Geymið framstykkið.

Bak/framstykki: Sameinið lykkjurnar á bak- og framstykki á hringprjón nr. 3 ½. Prjónið slétt í hring þar til bolurinn mælist 17 (19) 21 (24) cm. Takið úr fyrir handvegi: Fellið af 4 lykkjur – prjónið 34 (39) 45 (51) lykkjur slétt – Fellið af 8 lykkjur – prjónið 34 (39) 45 (51) lykkjur – Fellið af 4 lykkjur. Prjónið nú fram- og bakstykki í sitthvoru lagi.

Bakstykki: Prjónið fram og tilbaka. Prjónið slétt þar til bakstykkið mælist frá handvegi 8 (9) 10 (11) cm. Geymið 8 (9) 10 (12) lykkjur á hægri öxl og fellið 18 (21) 25 (27) lykkjur fyrir hálsmál og prjónið 5 umferðir slétt og brugðið á prjón nr. 3 (1 sl, 1br) yfir restina af 8 (9) 10 (12) lykkjunum á vinstri öxl fyrir smellur.

Framstykki: Prjónið fram og tilbaka. Prjónið slétt og prjónið eftir stjörnumunstri á miðju framstykinu. Prjónið 2 (3) 4 (5) umferðir sléttar eftir að stjarnan er búin. Fellið nú miðlykkjurnar 12 (13) 13 (15) fyrir hálsmál og prjónið hvora hlið fyrir sig. Fellið áfram af fyrir hálsmálinu í 2 hvorri umferð 1,1,1 (1,1,1,1) 1,1,1,1,1,1 (1,1,1,1,1,1). Nú ætti að vera 8 (9) 10 (12) lykkjur eftir á prjóninum. Prjónið þangað til framstykkið hefur náð sömu lengd og bakið. Prjónið hëðan í frá svona: **Hægri öxl:** Lykkjið framstykki og bakstykki saman rétt á móti réttu.

Vinstri öxl: Prjónið 5 umferðir slétt og brugðið (1sl, 1br) á prjón nr. 3. Fellið af.

Frágangur: Heklið með heklunál nr. 2 ½ og natur 1 meðfram háls og læri. Á vinstri öxl leggst stroffið af framstykinu yfir stroffið á bakstykinu og heklið saman. Notið núna bleikt (ljóst) og heklið eina umferð krabbahekl meðfram hálsi og læri. Saumið 2 smellur í öxlina og 4 smellur neðst á bak- og framstykki (bleyjusvæði).

Þvottur: Skolið úr eða notið Navia Ullarþvott. Eftir þvott leggið á þurr handklæði.



Stjarna

			x			x			
			x	x		x	x		
			x	x		x	x		
x	x	x		x		x		x	x
			x	x		x	x	x	
					x				
			x	x		x	x		
			x	x		x	x		
			x			x			
			x			x			



milligrátt



natur